

**1973 nr. 13 13. apríl****Lög um Happprætti Háskóla Íslands**

**Tóku gildi 14. maí 1973.** *Breytt með:* L. 96/1974 (tóku gildi 30. des. 1974). L. 55/1976 (tóku gildi 11. júní 1976). L. 23/1986 (tóku gildi 12. maí 1986). L. 77/1994 (tóku gildi 30. maí 1994). L. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998). L. 127/2003 (tóku gildi 30. des. 2003). L. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005). L. 75/2006 (tóku gildi 30. júní 2006). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 126/2015 (tóku gildi 31. des. 2015).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að veita Háskóla Íslands [leyfi]<sup>2)</sup> til rekstrar happprættis með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

a. [Hlutatalan má ekki fara fram úr 60.000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur 1. flokks í janúarmánuði og 12. flokks í desembermánuði. Heimilt er að gefa út 4 flokka hlutamiða, sem greinist að með bókstöfunum E, F, G og H, en auk þess er heimilt að gefa út sérstakan flokk, B-flokk, sem hafa skal fimmfalt gildi á við hvern hinna flokkanna, bæði að því er varðar endurnýjunariðgjald og fjárhæð vinninga.]<sup>3)</sup>

b. Iðgjald fyrir hvern hlut ákveður [ráðherra]<sup>4)</sup> að fengnum tillögum happprættisráðs og happprættisstjórnar Háskólans.

c. Vinningar skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórði hver miði hljóti vinning árlega að meðaltali, og skal vinningsfjárhæð nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldum samantöldum í öllum 12 flokkum.

d. [Dráttur skal fara fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, sem [ráðherra]<sup>4)</sup> skipar til þess. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttar, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnað af þessu ber happprættið.]<sup>5)</sup>

e. [Leyfi til að reka happprættið má veita til 1. janúar 2034.]<sup>6)</sup> Ágóðanum skal varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Enn fremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabygginganna, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir Háskólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. [Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af nettóársarði í leyfisgjald, þó ekki hærrí fjárhæð en 150.000.000 kr.]<sup>7)</sup>

□ [[Ráðherra]<sup>4)</sup> er enn fremur heimilt að veita Háskóla Íslands [leyfi]<sup>2)</sup> til rekstrar skyndihappprættis með peningavinningum, svo og peningahappprættis sem ekki yrði rekið

sem flokkahappprætti. Ágóða af rekstri þessum skal varið til starfsemi Háskóla Íslands svo sem segir í e-lið 1. mgr.]<sup>8)</sup>

□ [[Ráðherra]<sup>4)</sup> getur heimilað að við starfsemi skv. 1. og 2. mgr. séu notaðar sérstakar happprættisvélar þannig að þátttaka, ákvörðun um vinning og greiðsla á honum fari fram vélrænt og samstundis og enn fremur að slíkar happprættisvélar séu samtengdar, einstakar vélar og á milli sölustaða. [Ráðherra]<sup>4)</sup> setur með reglugerð<sup>9)</sup> m.a. nánari ákvæði um staðsetningu, auðkenningu, fjölda og tegundir happprættisvéla, eftirlit með þeim, notkun mynta og seðla við greiðslu fyrir þátttöku, fjárhæð vinninga og aldur þeirra sem mega nota vélar. Lágmarksaldur þátttakenda skal þó vera 16 ár.]<sup>10)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 58. gr. <sup>2)</sup> L. 75/2006, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 96/1974, 1. gr. <sup>4)</sup> L. 162/2010, 106. gr. <sup>5)</sup> L. 55/1976, 1. gr. <sup>6)</sup> L. 126/2015, 1. gr. <sup>7)</sup> L. 75/2006, 2. gr. <sup>8)</sup> L. 23/1986, 1. gr. <sup>9)</sup> Rg. 455/1993, sbr. 401/2007. <sup>10)</sup> L. 77/1994, 1. gr.

**■ 2. gr.**

□ Á meðan happprættið starfar, er bannað að setja á stofn nokkurt annað peningahappprætti hér á landi, svo og að versla með eða hafa á boðstólum miða erlendra happprætta, auglýsa þá í innlendum blöðum eða hvetja menn til að kaupa þá. Þó getur ráðherra veitt undanþágu að því er kemur til happprættis, sem stofnað er til í góðgerðarskyni einungis, og þó með skýrum takmörkum, t.d. fyrir eitt sveitarfélag, og aldrei nema um ákveðinn tíma, lengst eitt ár.

**■ 3. gr.**

□ Enginn má selja hlutamiða happprættisins nema löggiltir útsölumenn þess, er fá miðana frá aðalskrifstofu happprættisins, og öll önnur verslun með miðana er bönnuð. Ráðherra er heimilt að leyfa happprættinu að taka í sínar hendur útsölu hlutamiða.

**■ 4. gr.**

□ Vinningar í happprættinu eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 129/2004, 39. gr.

**■ 5. gr.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur með reglugerð<sup>2)</sup> nánari ákvæði um starfsemi happprættisins.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 106. gr. <sup>2)</sup> Rg. 410/1991, sbr. 22/1992, 139/1992, 193/1992, 406/1992, 496/1993 og 595/1994. Rg. 455/1993, sbr. 529/2001, 818/2004, 362/2007 og 401/2007. Rg. 500/2020.

**■ 6. gr.**

□ Brot gegn lögum þessum varða sektum eða [fangelsi allt að 2 árum].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 82/1998, 163. gr.

**■ [7. gr.]**

□ Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna er vöruhappprætti Sambands íslenskra berkla- og brjóstholsjúklinga og happprætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna heimilt að greiða út vinninga úr flokkahappprættum í peningum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/2006, 3. gr.